

Nd.

54. Framvarp

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson og Sigurður Sigurðsson.

Framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, skal frestað um 5 ára bil frá 1. nóv. 1915 að telja.